

Málsnr.: 1805023

Skjalasafn Dalabyggðar

22. ÁGÚ. 2018



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík  
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

14.07.01

Ingvi Már Pálsson  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagata 4  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.8.2018

Tilvísun: OS2018070012/10.0

Verknúmer: 3039000

**Efni: Umsögn um erindi Dalabyggðar um tilboð í eignir sveitarfélagsins, þ.m.t. jarðhitaréttindi á Laugum**

Orkustofnun vísar til erindis atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 6. júlí 2018, beiðni um umsögn vegna erindis Dalabyggðar um tilboð í eignir sveitarfélagsins, þ.m.t. jarðhitaréttindi að Laugum [í Sælingsdal, Dalabyggð].

Fyrir liggur afstaða fjármálaráðuneytisins þess efnis að ríkissjóður muni ekki hagnýta sér forkaupsrétt sinn, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, auðlindalaga. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. gilda ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 um sölu ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana [þ.m.t. sveitarfélaga að mati OS] eða sjóða. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. jarðalaga er kveðið á um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörð, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum. Slík undantekning er einmitt í lokamálslið 1. mgr. 12. gr. auðlindalaga sbr. ákvæði 3. gr. a. auðlindalaga, eins og ákvæðinu var ~~var~~ breytt með 7. gr. laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði nr. 58/2008.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. a. auðlindalaga er m.a. sveitarfélögum óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram heimilis- og búsparfir. Þó er heimilt, sbr. 2. mgr. 3. gr. a, að framselja réttindi til ríkis, sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Nýting auðlinda úr jörðu, þ.m.t. jarðhita er háð leyfi Orkustofnunar í eignarlöndum, sbr. 1. mgr. 6. gr. auðlindalaga, m.a. með þeirri undantekningu að landeiganda [eftir atvikum ábúanda samkv. ábúðarlögum nr. 80/2004] er heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til ylæktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands, sbr. 1. mgr. 10. gr. auðlindalaga. Þó ber að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa og er þá Orkustofnun heimilt að setja landeiganda [eða ábúanda samkvæmt

ábúðarlögum], þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum. Um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga [nú raforkulaga], sbr. 2. mgr. 10. gr. auðlindalaga. Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skal, samkv. 4. mgr. 3. gr. a, auðlindalaga gæta jafnræðis. Þá skal gæta þess að ákvörðunin stuðli að hagkvæmri nýtingu auðlinda og fjárfestinga í mannvirkjum. Við veitingu nýtingarleyfa skal þess einnig gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágreppi, sbr. 17. gr auðlindalaga.


Í ljósi þessara lagaákvæða liggur fyrir sá vilji löggjafans, að farið sé með jarðhitaréttindi í samræmi við almannahagsmunum fyrst og fremst, og eignarétturinn að jarðhita því takmarkaður enn frekar en verið hafði 1998 með breytingu á auðlindalögum, þ.e. gr. 3. a, auðlindalaga, sbr. 6. gr. laga nr. 58/2008, þó þannig að markmið jarðalaga nr. 81/2004 um reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það [þ.m.t. ábúandi samkvæmt ábúðarlögum nr. 80/2004], samræmist sem best umræddum skerðingum eignaréttarins og stuðli um leið að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmunum sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

Orkustofnun bendir á að í athugasemdum með lögum um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, nr. 58/2008, 6. og 7. gr., þ.e. 3. gr. a auðlindalaga, eins og þeim var breytt, segir að „orkulindir landsins skipti miklu máli fyrir öruggt framboð á orku, en einnig út frá umhverfis- og byggðasjónarmiðum. Vísað er til einangrunar íslenska raforkukerfisins og að tengingar við önnur raforkukerfi séu háðar vandkvæðum sökum mikillar fjarlægðar. Að um 99,9% af allri raforku í landinu sé framleidd með endurnýjanlegum orkulindum, vatnsafli og jarðvarma, og í kringum 99% af húshitunarþörf er mætt með orku frá endurnýjanlegum orkulindum. Stjórnvöld hafi á undanförunum áratugum lagt mikla áherslu á uppbyggingu hitaveitna sem víðast um landið. Er nú [2008] svo komið að um 90% af orkuþörf vegna húshitunar er mætt með jarðvarma. Í auðlindalögum er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli hafa forgang að nýtingarleyfum vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu. Með skírskotun til þessa er eðlilegt að eignarhald á þessum auðlindum verði að mestu leyti áfram á hendi hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, enda tryggir það jafnræði til aðgangs að auðlindunum þegar til lengri tíma er litið.“


## Niðurstaða

Í ljósi ofanritaðs er það niðurstaða Orkustofnunar, að þrátt fyrir þá ákvörðun fjármálaráðuneytisins, þess efnis að ríkissjóður muni ekki hagnýta sér forkaupsrétt að jarðhita, sbr. 2. mgr. 12. gr. auðlindalaga, vegna sölu sveitarfélagsins á eignum þess á Laugum, þá sé Dalabyggð engu að síður, með vísan til 3. gr. a. auðlindalaga, eins og þeim lögum var breytt með 6. gr. laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði nr. 58/2008, óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram heimilis- og búsparfir samkvæmt ákvæðum jarðalag eins og að ofan var rakið. Skilja beri umrædd jarðhitaréttindi Dalabyggðar frá öðrum eignum sveitarfélagsins sem fyrirhugað er að selja. Þó er Dalabyggð heimilt, sbr. 2. mgr. 3. gr. a, að framselja réttindi sveitarfélags til félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Jónas Ketilsson